

## REGLUR

### um heimild til hækkunar umönnunargreiðslna skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

#### 1. gr.

Umönnunargreiðslur skulu nema 25–100% af samanlagðri fjárhæð örorkulífeyris, tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar.

#### 2. gr.

Þegar sérstaklega stendur á er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að hækka umönnunargreiðslur um allt að 25%. Tryggingalæknir metur þörf samkvæmt þessu ákvæði.

#### 3. gr.

Ákvæði 2. gr. skal einkum beitt þegar um er að ræða dauðvona börn. Þá er heimilt að beita ákvæðinu þegar fötluð og/eða lífshættulega veik börn gangast undir erfðar aðgerðir eða meðferð og þurfa þess vegna að dvelja langdvölum á sjúkrahúsi með foreldrum sínum fjarri heimili.

#### 4. gr.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði með stoð í 4. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð ásamt síðari breytingum og taka þegar gildi.

*Tryggingastofnun ríkisins, 7. apríl 2000.*

**Bolli Héðinsson.**

*Karl Steinar Guðnason.*

14. apríl 2000

Nr. 264

## GJALDSKRÁ

### fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast.

#### 1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar landbúnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr./klst.
1. Rannsóknamaður .....	3.091
2. Sérfræðingur I .....	4.076
3. Sérfræðingur II .....	5.271
4. Sérfræðingur III .....	6.351

#### 2. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að nauðsynleg sé vinna utan dagvinnutíma.

#### 3. gr.

Stofnuninni er heimilt að veita afslátt af útseldri þjónustu.